

Það hefur lengi verið til umræðu innan Ásatrúarfélagsins að kominn sé tími á endurskoðun á lögum félagsins. Vegna þess skipaði lögrétta þriggja manna laganefnd í nóvember 2022. Í nefndina völdust Guðmundur Rúnar, Jóhannes Levy og Haukur Bragason. Það varð fljótt samhljómur um það þeirra í milli að slík endurskoðun væri langtímaverkefni og best væri að endurskoða lög félagsins í smærri skrefum og yfir langan tíma, frekar en að leggja fram miklar breytingar á allsherjarþingi ársins 2023.

Þessi lagabreytingartilaga afurð úr starfi laganefndarinnar á árinu. Hún er lögð fram að höfðu samráði við lögrétta og með samþykki hennar.

Með þessari lagabreytingartilögu er lagt til að breyta tilhögun kosninga til stjórnar lögrétta. Markmiðið er að kosning stjórnar sé sem lýðræðislegust, en jafnframt á að tryggja ákveðinn fyrirsjáanleika, og segja má að það sé einnig kostur að þarna sé girt fyrir það að einhverjir ævintýramenn úti í bæ geti mætt óvænt með fjölmenni á allsherjarþing og tekið völdin í félaginu.

Þessi lagabreyting felur í sér að framboðsfrestur renni út viku fyrir allsherjarþing. Þá er stofnsett sérstök kjörnefnd til að sjá um framkvæmd kosninganna, og er það gert til að tryggja jafnræði milli frambjóðenda. Ef ekki væri slík kjörnefnd myndi framkvæmdin vera hjá lögrétta og þá væri hætta á hagsmunaárekstrum þar sem oftast en ekki bjóða stjórnarmenn sig fram að nýju þegar kjörtímabil þeirra renna út. Einnig má hafa í huga í því sambandi að ef þær aðstæður einhvern tímann koma upp að ágreiningur innan lögrétta leiði til kosninga á allsherjarþingi getur það verið mikill kostur að kosning sé framkvæmd af hlutlausum aðila, frekar en að deiluaðilar séu sjálfir að framkvæma kosningu sín á milli.

Ennfremur er bætt við ákvæði um að miða skuli við fimm daga gamalt félagatal á allsherjarþingi. Rétt er að geta þess að þarna er í reynd lítil eða engin breyting á framkvæmd, en jafnan hefur verið stuðst við útprentað félagatal á allsherjarþingi. Þarna er hins vegar verið að bregðast við því að í dag er hægt að breyta trúfélagaskráningu með rafrænum skilríkjum gegnum farsíma hvenær sólarhringsins sem er. Sá möguleiki

er því fyrir hendi að skrá sig í Ásatrúarfélagið með fótinn í dyragættinni rétt áður en allsherjarþing hefst, og fara svo til baka í sitt gamla trúfélag strax að allsherjarþingi loknu. Með því að setja skýrt ákvæði í lögum sem endurspeglar núverandi framkvæmd er fyrst og fremst verið að loka fyrir þennan möguleika sem annars jákvæðar tæknibreytingar hafa búið til.

Ekki eru settar neinar kvaðir á þá sem hyggja á framboð til Lögréttu og gefinn er góður umhugsunartími frá auglýsingu allsherjarþings áður en framboðsfrestur rennur út. Kjörnefnd fær engar valdheimildir, og hún er ekki uppstillingarnefnd sem tekur með einhverjum hætti afstöðu til frambjóðenda.

Verði þessi tillaga samþykkt verður ekki kosið eftir henni fyrr en á allsherjarþingi árið 2024.

Varðandi framgang tillögunnar á allsherjarþingi, þá er fundargestum heimilt að leggja fram breytingatillögur, en jafnframt er minnt á að umræður og atkvæðagreiðslur um slíkt geta á endanum orðið afar tímafrekar og reynt á taugar og þolinmæði fundargesta. Af tillitssemi við fundargesti er tillagan smíðuð eins og hún er með það í huga að breytingin nái fram að ganga með sem stystum texta og eins fáum breytingum á málsgreinum og kostur er.

Lagabreytingartillögur í samfelldum texta.

Til skýringar: Skáletraðar setningar í hornklofa eru þegar í lögum félagsins og breytast ekki. Yfirstrikaðar setningar í hornklofa falla út samkvæmt tillögunni. Nýjar setningar eru með hefðbundnu lettri.

5. grein laga félagsins verður svohljóðandi: [

Allir félagar Ásatrúarfélagsins eiga rétt til setu á allsherjarþingi og hafa þar málfrelsi og

tillögurétt.] Seturéttur skal miðast við félagatal eins og það er fimm dögum fyrir allsherjarþing. [Atkvæðisréttur og kjörgengi miðast við 18 ára aldur.]

2. málsgrein 25. greinar starfsreglna Ásatrúarfélagsins verður svohljóðandi:

[Til allsherjarþings skal boðað í Vorum sið og auglýsa það á vefmiðlum félagsins minnst tveimur vikum fyrir allsherjarþing.] Óska skal eftir framboðum stjórnarmanna og varastjórnarmanna til lögréttu í auglýsingunni.

28. grein starfsreglna verður svohljóðandi (síðari málsgreinin er ný):

~~[Kosning í lögréttu eftir tilnefningu fundarmanna skal vera skrifleg ef einhverjir fundarmanna óska þess.]~~ Framboðum til lögréttu skal skila skriflega til kjörnefndar í síðasta lagi viku fyrir allsherjarþing. Formaður kjörnefndar greinir allsherjarþingi frá þeim framboðum sem borist hafa. Sé ekki sjálfkjörið í stjórn skal kosning vera skrifleg. *[Kjörnir fulltrúar í lögréttu skulu vera kosnir til tveggja ára í senn, þrjár annað árið en tveir hitt árið. Varamenn skal kjósa til eins árs í senn. Eftir sömu reglum skal kjósa til eins árs í senn óháðan endurskoðanda svo og skoðunarmenn reikninga úr röðum félagsmanna.]*

Þriggja manna kjörnefnd starfar í aðdraganda allsherjarþings og skal hún sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga á allsherjarþingi. Viðkomandi einstaklingar mega ekki sjálfir vera í framboði til setu í lögréttu. Skulu tveir kjörnefndarmenn vera kosnir á allsherjarþingi en einn valinn af lögréttu. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.